



Lúxemborg, 5. desember 2024

## FRÉTTATILKYNNING 14/2024

### Dómur í máli E-15/23 K

#### ENDURGREIÐSLA VEGNA HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU Í ÖÐRUM EES-RÍKJUM

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá almannatryggingadómstóli Noregs (*Trygderetten*) um tilskipun um réttindi sjúklinga,<sup>1</sup> tilskipun um starfsréttindi<sup>2</sup> sem og frelsi til að veita þjónustu á grundvelli EES-samningsins. Norsk stjórnvöld höfðu umsókn K um endurgreiðslu á tannlæknaþjónustu í Póllandi á grundvelli skorts á sérhæfingu tannlæknisins sem veitti þjónustuna. K kærði ákvörðunina til norskrar kæruneftar og að lokum fór málið fyrir almannatryggingadómstólinn.

EFTA-dómstóllinn var spurður að því hvort norskar lagareglur sem gera sérhæfingu heilbrigðisstarfsmanna að skilyrði fyrir endurgreiðslu vegna heilbrigðisþjónustu í öðrum EES-ríkjum, samrýmdust EES-rétti. Jafnframt spurðist almannatryggingadómstóllinn fyrir um hvaða þýðingu þær sérgreinar sem taldar eru upp í V. viðauka tilskipunarinnar um starfsréttindi, hefðu við ákvörðun um það hvort kröfu um sérhæfingu væri í raun fullnægt.

EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að innlend skilyrði fyrir endurgreiðslu vegna heilbrigðisþjónustu í öðru EES-ríki mættu ekki mismuna eða koma í veg fyrir frjálsa för sjúklinga nema slíkt væri réttlætandi samkvæmt tilskipuninni um réttindi sjúklinga. Jafnvel þó krafa um sérhæfingu taki tillit til jafngildrar erlendar menntunar og hæfi getur það engu að síður talist til mismununar ef slík krafa felur í sér umframbyrði á sjúklinga sem sækja sér heilbrigðisþjónustu erlendis. Þetta gæti einkum átt við ef sjúklingar þurfa að leggja fram ýmis gögn um hæfi læknis og sönnunarbyrðin um slíkt hvíli á sjúklingnum. Slíkar takmarkanir má aðeins réttlæta á grunni skipulagskrafna í tengslum við markmiðið að tryggja að í viðkomandi EES-ríki sé fullnægjandi og varanlegur aðgangur að jöfnu framboði á góðri heilbrigðisþjónustu eða markmiðið að hafa stjórn á kostnaði og eftir því sem unnt er að komast hjá soun á fjármagni, tækni og mannaúði.

Enn fremur taldi EFTA-dómstóllinn að þær sérgreinar sem taldar eru upp í tilskipuninni um starfsréttindi geti talist fullgild sönnun um hæfi. Þar sem upptalningin á sérgreinum í tilskipuninni er ekki tæmandi, er ekki hægt að krefjast þess að viðkomandi læknir hafi sérhæfingu sem nefnd er í tilskipuninni til að færa sönnur á hæfi sitt.

Þetta ráðgefandi álit er hluti af málsmeðferð fyrir almannatryggingadómstóli Noregs sem mun að lokum skera úr um hvort K hljóti endurgreiðslu.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.

<sup>1</sup>Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri.

<sup>2</sup>Tilskipun ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi.